

eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 285 18. desember 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 16. júní 1977.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

22. júní 1977.

Nr. 260.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Grundarfirði.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts skipulagðs lands Grundarfjarðar, nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar. Allt búfjárhald í kaптúninu er þó gjaldskytt samkvæmt 5. gr.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. grein skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru er máli skiptir um öryggi þess og aðhald.

3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar sem reglugerð þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að greiða skuli í sveitarsjóð gjald fyrir veitt leyfi þó eigi hærra en kr. 1 000 á ári. Gjaldi þessu sé varið til vörslu á landi kaптúnsins.

6. gr.

Hreppsnefnd skal skytt að láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis byggð í kaптúninu og skipuleggja landssvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu, eigi síðar en 1. okt. 1977 enda hefur hreppsnefnd Eyrarsveitar áður gefið umþóttunartíma til 2ja ára sem rann út 15. júlí 1976.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 5 000. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarsveitar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum

og kauptúnum, til þess að öðlast gildi frá 1. okt. 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1977.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 132/1974 um íslenska stafsetningu.

9. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

- a) Þjóðheiti, nöfn á íbúum landshluta (héraða, hreppa, borga og kaupstaða), nöfn á mönnum kenndum við bæi eða forfeður, svo og nöfn á íbúum heimsálfa skal rita með stórum staf, t. d. Íslendingur, Austfirðingur, Keldhverfingur, Reykvíkingur, Seyðfirðingur, Stokkseyringur, Oddaverjar, Sturlungar, Knýtlingar, Evrópumenn, Ameríkanar.
- b) Hátíðanöfn skal því aðeins rita með stórum staf að fyrri hluti þeirra sé sérnafn, t. d. Margrétarmessa, Þorláksmessa o. s. frv.
- c) Um viðurnefni og nokkur önnur orð, samsett á sama hátt, gildir sama regla og um hátíðanöfn, t. d. (Helgi) Hundingsbani, Hólsfjallahangikjöt, Vernerslögmaál o. s. frv. Viðurnefni leidd af staðanöfnum skal einnig rita með stórum staf ef þau eru nafnorð, t. d. (Þorvaldur) Vatnsfirðingur, (Þórður) Hítningur, (Einar) Þveræingur, (Ormur) Svínfellingur o. s. frv. Um viðurnefni almennt, sjá 10. gr., og hátíðanöfn, 15. gr.

10. gr. verði þannig:

Viðurnefni skal rita með litlum staf (sbr. þó Um stóran staf 9. gr. c-lið), t. d. (Ari) fróði, (Jón) lærði, (Auðun) vestfirski o. s. frv.

11. gr. verði þannig:

- a) Þjóðflokkahreiti skal rita með litlum staf, t. d. mongóli, indíáni, germani, slafi.
- b) Tungumálaheiti og nöfn á mállýskum skal rita með litlum staf, t. d. íslenska, vestfirska, jóska.

12. gr. verði þannig:

- a) Nöfn á fylgismönnum stefna, jafnt stjórnmalastefna sem annarra, svo og nöfn á fylgismönnum einstakra forystumanna skal rita með litlum staf, t. d. fram-sóknarmaður, sjálfstæðismaður, alþýðuflokksmaður, sósíalisti, guðspekingur, nýguðfræðingur, stalinisti, hitlerssinni, maóisti, gaullisti o. s. frv.
- b) Nöfn trúflokka og fylgismanna þeirra skal rita með litlum staf, t. d. múhameðstrú, múhameðstrúarmaður, kristin trú, kalvínstrú, húgenotti o. s. frv.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Hafa skal hliðsjón af ákvæðum 42. gr. að því er varðar heimild til að nota kennslubækur með fyrri stafsetningu.

Menntamálaráðuneytið, 28. júní 1977.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.